216. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn í Bjarnarhöfn í Helgafellssveit

Fimmtudaginn 14. ágúst 2025.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins sem sat fund í gegnum fjarfundarbúnað, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs sem setti fund, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 15:00.*
2. *Fundargerð 215. fundar lögð fram til samþykktar*. Staðfestingu fundargerðar frestað til næsta fundar.
3. *Akrakirkjugarður – aðgengi aðstandenda að kirkjugörðum*. Ágústa kynnti og mál rætt. Ágústa mun svara þeim sem sendi erindið að kirkjugarðaráð sé að skoða málið.
4. *Önnur mál.* 1) Ingvar sagði frá samningi dómsmálaráðuneytis og KGRP um bálstofu. Gert er ráð fyrir 80 m.kr. fjárveitingu á ári í 12 ár. Mikilvægt er að blanda ekki saman þessari sérstöku fjárveitingu við almenna fjárveitingu ríkisins til kirkjugarða sem kynni þá að verða henni til lækkunar. Nú er staða mála sú að verið er að velja ofn. Ekki verður hægt að klára teikningar hinnar nýju bálstofu fyrr en réttur ofn hefur verið valinn. Búið er að þrengja valið niður í 3 ofna og verður rætt við erlenda aðila sem hafa reynslu af notkun þeirra.
5. *Næsti fundur.* Fundað verður fimmtudaginn 11. september kl. 11:00 á Biskupsstofu í Borgartúni 26.

Fundi var slitið kl. 15:25.